

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 13. október 2023
Mnr. 2023010091



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Samstarfsverkefni - viðauki 17

Skv. breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga þurfa sveitarfélögin nú að meðhöndla byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni sem veruleg áhrif geta haft í reikningskilum sveitarfélaga á sama hátt og aðrar hluta stofnanir.

Á þetta við um:

Fjórðungssambands Vestfjarða
Byggðasamla Vestfjarða um málefni fatlaðra
Náttúrustofu Vestfjarða og
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Samstarfsverkefni hafa almennt ekki verið að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru varðandi áætlanir sveitarfélaga og lágu upplýsingar ekki almennt fyrir en við lok gerð ársreiknings 2022 í maí 2023. Vegna þess tókst heldur ekki að koma samstarfsverkefnum inn í samþykkt áætlun 2023.

Viðauki þessi er því gerður með afbrigðum, þar sem viðaukinn er á svokölluðu samstæðuleveli, sem viðbót og hefur ekki áhrif á sjálfa fjárhagsáætlunina, heldur aðeins loka birtingu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings ásamt sjóðsstreymi. Einnig hefur viðaukinn áhrif á skuldahlutfall og skuldaviðmið en það hefur ekki verið uppreiknað að þessu sinni.

Áhrif viðaukans á rekstrarreikning 2023 verður sú að aðrar tekjur A hluta aukast um 352,5 m.kr. og aðrar tekjur A-og B hluta um 552 m.kr. Jafnframt eykst rekstrarkostnaður A hluta um 352 m.kr. og rekstrarkostnaður A og B hluta um 553 m.kr. Viðaukinn hefur engin áhrif á A hluta en lækkun um 1,4 m.kr. á A og B hluta.

Þar sem ekki er hægt að koma þessum viðauka inn í hefðbundið líkan þá er hann ekki sýndur samantekinn með þeim viðaukum sem þegar hefur verið samþykktur. Heldur sem stakur viðauki. Sjá nánar meðfylgjandi skjöl